

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að sett verði stöðubann á Austurbakka 2 frá Faxagötu að Ingólfsgarði.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að settar verði gangbrautamerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á eftirtöldum stöðum:
Hofsvallagötu beggja vegna Sólvallagötu,
Rekagrandu, við stíg norðan Grandaskóla,
Eiríksgötu, austan Njarðargötu,
Reykjavíkurvegi, sunnan Góugötu,
Álfheimum, austan Gnoðarvogs,
Hraunteig, austan við Gullteig,
Rauðalæk, austan við Brekkulæk,
Hraunbæ, norðan við gatnamót Hraunbæjar/Hraunbæjar,
Gagnvegi, við Garðhús 1 og norðan Hlíðarhúsa,
Mosavegi – Spöng í beygju,
Þorláksgesla, við spennistöð Þorláksgesla nr. 49a,
Ólafsgesla, ofan við nr. 6 og ofan við nr. 28.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 23. október 2015.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.